



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2011 – 2012.

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi 14. júní 2011 og tók nýkjörin stjórn þá strax til starfa og skipti með sér verkum. Átta stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu og þar með talinn stjórnarfundur sem framkvæmdastjóri SGS, Kristján Bragason var gestur á. Kristján fór yfir vinnuna í framtíðar skipulagi SGS og var hann einnig að kynna sér þá starfsemi og þjónustu sem félagið veitir félagsmönnum sínum.

Skrifstofu félagsins var lokað vegna sumarleyfa frá 22. júlí til 8. ágúst. Þrátt fyrir lokun sá formaður um að leysa úr þeim málum sem komu upp á meðan sumarlokunin var. Á sama tíma fór formaður í að mála skrifstofuna að utan og lét útbúa merki félagsins á stórt skilti og útiljós sem sett var utan á húsið.

Mikið var að gera í fundarmálum hjá formanni í kringum SGS og í upphafi sumars sat formaður þrjá fundi með samninganefnd SGS og smábátasjómönnum um beitningu og aðra vinnu í landi við smábáta og 1. júlí 2011 var skrifað undir samning sem gildir frá 1. júní 2011 – 31. janúar 2014.

Formaður sat fund með samningarnefnd SGS í húsi sáttasemjara þann 27. júní, þar sem farið var yfir launatöflur og önnur mál sem lokað geta samningum með launanefnd sveitafélagana.

Formaður sat aðalfund sumarhúsaeiganda í Hraunborgum 12. október. Formaður ásamt Erlu sat þing SGS dagana 13. og 14. október þar sem einkunnarorð þingsins voru **Horft til framtíðar**. Á þinginu var skipaður 7 manna starfshópur sem var gert að skila inn tillögum fyrir framhaldsþing í maí 2012 um hvernig skipa skuli málum SGS í framtíðinni.

Formaður var kjörin í Siðanefnd af framkvæmdastjórn sem starfar á vegum SGS. Fyrsti fundurinn var haldinn 12. janúar að Sætúni 1 þar sem var verið að fjalla um hvernig fara ætti með greiðslur á gistinóttum og fæðisdagpeningum, einnig var ákveðið að framkvæmdastjóri setti upp ramma af siðareglum sem félögin gætu nýtt sér ef þau vildu.

Formaður var kjörin sem fulltrúi SGS á aðalfund Fiskifélags Íslands á framkvæmdastjórnarfundum SGS 13. febrúar.

Formaður fór sem fulltrúi SGS á aðalfund Fiskifélags Íslands.

Aðalfundurinn var haldin 17. febrúar að Grandagarði 8.



Kynningarfundur hjá SGS í Hafnarfirði um skipulagsmál SGS í framtíðinni 12. mars 2012. Á fundinum var farið yfir hvaða hlutverki SGS ætti að gegna gagnvart félögunum og eins eftirlitshlutverk SGS gagnvart þeim. Sigurður Bessason formaður Eflingar og Kristján Bragason framkvæmdarstjóri SGS sáu um kynninguna. Fyrir hönd VSFS fóru fjórir stjórnarmenn ásamt Erlu.

Erla fór á samlestrarfund hjá SGS vegna samningana við sveitarfélögin og stóð þessi yfirlestur yfir tvo daga 22. og 23. mars.

Formaður sótti kynningarfund SGS á frumvörpum um stjórnun fiskveiða ásamt veiðigjaldi sem greininni er ætlað að standa skil á í ríkissjóð föstudaginn 13. apríl. Sjávarútvegsráðherra, Steingrímur J. Sigfússon ásamt Lilju Rafney alþingismanni kynntu frumvarpið og svöruðu fyrirspurnum.

Framhaldsþing SGS undir einkunnarorðunum **Horft til framtíðar** var síðan haldið 10. maí 2012 þar sem starfshópur skilaði af sér tillögum og voru þær samþykktar, einnig var formaður kosinn sem varamaður í framkvæmdarstjórn.

Formaður sótti enn fleiri formannafundi á vegum Sjómannasambands Íslands og ASÍ.

Formaður sótti formannafund Sjómannasambands Íslands sem haldin var á Hótel Stykkishólmi dagana 21. - 23. október. Þar var rædd staðan í kjaramálunum, kjaramál á smábátum, verlagsnefnd, stjórnkerfi fiskveiða, greiðslumiðlun og öryggismál. Samþykkt var ályktun til ríkistjórnarinnar um að tryggt væri að nægilega margar þyrlur væru alltaf til staðar í landinu svo öryggið væri viðunandi eins og getið er um í landslögum.

Formaður sat formannafund ASÍ 26. október, þar var farið yfir stöðuna almennt í þjóðmálunum og hversu illa ríkisstjórnin hefur staðið við loforð sín er varðar samningana í vor. Samþykktar voru tvær ályktanir á fundinum annarsvegar um atvinnumál og hinsvegar um stöðu og réttindi atvinnuleitenda.

Formaður fór á formannafund hjá ASÍ 5. janúar vegna endurskoðunar á kjarasamningum. Þar fór forseti ASÍ yfir þær forsendur sem við lögðum upp með við kjarasamningsgerðina í maí 2011 og hvernig þær forsendur hafi náð fram að ganga í kaupmætti og auknum störfum. Það virðist flest hafa gengið eftir eins og til stóð í samningnum gagnvart atvinnurekendum, aukin kaupmáttur og lág verðbólga á ársgrundvelli. En ekki verður sama sagt um það samkomulag sem gert var við ríkisstjórnina, þar hefur ekkert gengið eftir sem um var samið, aðeins auknar álögur á launafólk á almennum vinnumarkaði. Bætur frá almannatryggingum og atvinnuleysisstryggingum fá



ekki sambærilegar hækkanir og laun almennt, því er algör forsendubrestur á samningnum gagnvart ríkisstjórninni. Samþykkt var að fara heim í samninganefndirnar og baklandið, kynna þær niðurstöður sem komu fram á fundinum og koma saman að hálfum mánuði liðnum til að taka sameiginlega ákvörðun um hvernig við bregðumst við þeirri stöðu sem upp er komin. Á þessum tíma ætlar samninganefnd ASÍ að sjá hvað hægt er að komast með ríkisstjórnina og leggja fyrir þann fund.

Formaður ásamt Friðrik gjaldkera fór á formannafund SGS 18. janúar. Fundarefnið var hvort segja ætti upp kjarasamningum vegna forsendubrests á samkomulaginu sem gert var við ríkisstjórn Íslands eða ekki. Samþykkt var að Björn Snæbjörnsson formaður SGS færi með það inn í samninganefnd ASÍ að tíu formenn sögðu að ekki ætti að segja samningum lausum en þeir vildu segja upp samningum.

Formaður fór á formannafund hjá ASÍ 19. janúar vegna endurskoðunar á kjarasamningum. Þar var tilkynnt að láta kjarasamninginn standa.

Þrátt fyrir að mikið hefur verið að gera hjá formanni í störfum með ASÍ og SGS þá hefur líka verið nóg að gera í starfinu á Suðurnesjunum. Formaður ásamt Erlu sat fund Velferðarvaktarinnar á Suðurnesjum sem haldin var í Kirkjulundi í Reykjanesbæ 27. október, þar voru aðilar að kynna þau úrræði sem eru í boði á Suðurnesjum fyrir atvinnuleitendur og þá sem minna mega sín. Einnig voru ýmis námsframboð kynnt og möguleikana sem launafólk hefur til fjármögnunar fyrir námið.

Formaður fór á fund 23. janúar í Krossmóa 4 þar sem kynnt var tilraunaverkefni fyrir að reka sérstaka atvinnumiðlun fyrir atvinnulausa í verkamannafélögunun og hvort VSFS vildi vera með í þessu verkefni. Formaður hélt símafund með stjórn VSFS um verkefnið því lítill tími var til að taka ákvörðun, því leggja átti þetta fyrir á ríkisstjórnarfund daginn eftir. Það var samþykkt á símafundinum að vera með á þessu verkefni sem á að standa yfir í þrjú ár.

Auglýst var eftir starfsfólki í tilraunaverkefni sem félagið tók að sér ásamt þremur öðrum stéttarfélögum um rekstur sérstakrar vinnumiðlunar fyrir félagsmenn þessara félaga í samvinnu við ASÍ og SA ásamt innanríkisráðuneytinu. 17. apríl voru opnaðar umsóknirnar sem okkur bárust og voru þær alls 24. Ákveðið var að taka alla umsækendur í viðtal föstudaginn 20. apríl og ganga síðan frá ráðningu vikuna eftir.



Formaður fór sem fulltrúi SGS á aðalfund Virk sem haldin var í Hörpu 12. apríl.

Erla fór á kynningarfund hjá vinnumálastofnun sem haldin var að Krossmóa 4 vegna verkefnisins sem þeir eru að setja upp fyrir atvinnulausa sem er kallað atvinnumessa og á þetta að vera viss lausn fyrir þá sem hafa verið lengi í atvinnuleit.

Formaður ásamt Friðrik gjaldkera sótti aðalfund Festa lífeyrissjóð sem haldin var á Grand Hótel 14. maí. Þar voru venjuleg aðalfundarstörf á dagskrá, en í lokin var samþykkt ályktun þar sem hækkun á stjórnarlaunum í framtakssjóði Íslands sem er í eigu lífeyrissjóðana.

Eins og að framan greinir hefur starfsárið verið annasamt hjá stjórn félagsins en samt ánægjulegt og gefandi. Góður árangur hefur náðst í rekstri og þjónustu við félagsfólk og stjórnin þakkar það gjöfula starf sem unnið hefur verið.

Fyrir hönd stjórnar,
Magnús S Magnússon.
Formaður VSFS